

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vísindasjóð læknaáðs F.S.A.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður læknaáðs F.S.A. (Vísindasjóður læknaáðs Fjórðungs-sjúkrahússins á Akureyri). Sjóðurinn er stofnaður sameiginlega af læknaáði F.S.A. og stjórn F.S.A. Markmið sjóðsins er að efla vísindarannsóknir við F.S.A.

2. gr.

F.S.A. leggur til stofnfé sjóðsins kr. 500.000. Stofnféð má ekki skerða.

3. gr.

Tekjustofnar sjóðsins eru:

1. 0,5% af föstum launum hvers læknis sem ráðinn er til læknisstarfa við F.S.A. og óskar aðildar að sjóðnum.
2. Framlag F.S.A. sem jafngildir 1% af föstum launum ofangreindra lækna.
3. Framlög annarra sem styrkja vilja sjóðinn.
4. Arður af eignum sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum. Tveir þeirra eru kosnir á aðalfundi læknaáðs F.S.A. til tveggja ára í senn og má hvorugur sitja lengur en tvö kjörtímabil samfleytt í stjórn sjóðsins. Kjörgengi og atkvæðisréttur takmarkast við aðila að sjóðnum. Þriðji stjórnarmaðurinn er skipaður af stjórn F.S.A. til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin er ábyrg gagnvart læknaáði F.S.A. Hún gerir aðalfundi ráðsins grein fyrir starfsemi sjóðsins á undanfarandi almanaksári og leggur reikninga sjóðsins fyrir aðila til samþykktar, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda eða Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins sér um varðveislu og ávöxtun sjóðsins. Henni er heimilt að fela fésýslu-stofnun það verkefni að einhverju eða öllu leyti. Jafnan skal leitast við að tryggja sem mesta ávöxtun án þess að stofna fé sjóðsins í hættu.

6. gr.

Sjóðurinn styrkir vísindarannsóknir við F.S.A. með því að leggja fram fé til greiðslu á kostnaði við rannsóknarverkefni eða hluta af slíkum verkefnum, enda sé ekki talið að öðrum standi nær að fjármagna verkefnið. Sjóðsstjórnin ákveður hve miklu fé er úthlutað í hvert sinn og til hvaða verkefna. Styrkhæf teljast rannsóknarverkefni sem aukið gætu þekkingu á sjúkdómum og sjúkdómseinkennum, eðli þeirra, tilurð, greiningu, meðferð og afleiðingum. Ennfremur þarf fullnægjandi rannsóknaráætlun að liggja fyrir. Sjóðsstjórn er heimilt að leita áhlits annarra á rannsóknarverkefnum og rannsóknaraðferðum og má greiða sanngjarna þóknun fyrir. Styrki má einungis veita til aðila að sjóðnum. Einn tiltekinn læknir skal skrifaður fyrir hverjum styrk, jafnvel þó að verkefnið sé unnið í samvinnu við aðra meðlimi læknaáðs F.S.A. eða utanaðkomandi aðila. Einungis má veita einn styrk til hvers rannsóknarverkefnis við hverja úthlutun. Styrkir eru greiddir beint til styrkþega, í einu lagi eða skipt í fleiri greiðslur.

7. gr.

Auglýst skal eftir umsóknum úr sjóðnum í september og skal umsóknarfrestur vera 6 vikur. Úthlutun skal vera lokið í nóvember. Umsóknum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Í umsókn skal gera ítarlega grein fyrir rannsóknarverkefninu þar sem fram kemur hvernig áformað er að verja styrknum. Sjóðsstjórn er heimilt að krefjast áfangaskýrslu um framgang rannsóknar áður en styrkur til tiltekins hluta hennar er greiddur. Fresta má greiðslu ef framvindan er ekki talin með eðlilegum hætti.

8. gr.

Styrkþegi skal gera stjórn sjóðsins skriflega grein fyrir niðurstöðum rannsóknarverkefnisins innan þriggja mánaða frá því að því lýkur eða greina árlega frá framvindu þess, ef það stendur yfir í meir en ár. Ef niðurstöður rannsóknarverkefnis, sem sjóðurinn hefur styrkt, birtast opinberlega skal styrkþeginn sjá til þess að sjóðurinn fái eintak eða afrit til varðveislu. Tæki, áhöld og efni, sem keypt eru fyrir styrk úr sjóðnum, teljast að rannsókn lokinni eign F.S.A.

9. gr.

Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr sjóðnum.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður ráðstafar lækna ráð F.S.A. eigum hans í samráði við stjórn F.S.A.

11. gr.

Starfsreglum sjóðsins má aðeins breyta á löglegum aðalfundi eða aukaaðalfundi lækna ráðs F.S.A. Til að breyting hljóti samþykki þar 2/3 hluta greiddra atkvæða aðila að sjóðnum. Breyting öðlast þó ekki gildi fyrr en stjórn F.S.A. hefur einnig samþykkt hana.

12. gr.

Stjórn F.S.A. annars vegar og aðilar sjóðsins hins vegar geta hætt greiðslum í sjóðinn og er hinum aðilanum þá ekki skylt að greiða mótframlag frá sama tíma. Skal tilkynna stjórn sjóðsins slíkt með tveggja mánaða fyrirvara.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.